

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 83/2006

frá 7. júlí 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2006 frá 27. janúar 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/718/EB frá 13. október 2005 um samræmi tiltekinna staðla við almennar öryggiskröfur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB og birtingu tilvísana til þeirra í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3i (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/323/EB) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

„3j. **32005 D 0718:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/718/EB frá 13. október 2005 um samræmi tiltekinna staðla við almennar öryggiskröfur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB og birtingu tilvísana til þeirra í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 271, 15.10.2005, bls. 51).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2005/718/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. júlí 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 92, 30.3.2006, bls. 28, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 17, 30.3.2006, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 271, 15.10.2005, bls. 51.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.